



VESTURBERG

Starfsáætlun 2016-2017

Leikskólinn Vesturberg

Vesturbraut 15

230 Reykjanesbær

Sími 420-3115

Netfang vesturberg@vesturberg.is

Veffang: www.vesturberg.is

Starfsáætlun leikskólans Vesturbergs fyrir skólaárið 2016-2017

Við gerð starfsáætlunar er tekið mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 og framtíðarsýn Reykjanesbæjar ásamt framtíðarsýn Vesturbergs. Leitast verður við að halda í einkenni Vesturbergs sem í grófum dráttum eru eftirfarandi:

- Virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna
- Að trúa á leikinn sem aðalnámsleið leikskólans
- Að halda skipulagi í lágmarki
- Að efla og þróa læsi og stærðfræði í leikskólanum

Starfið á skólaárinu 2016-2017 fer vel af stað. Nýir nemendur að aðlagast breyttum aðstæðum vel. Starfsmannahópurinn þökkalega stöðugur en þrír nýir kennarar voru ráðnir nú á haustmánuðum og bætast við reynslumikinn og góðan hóp. Síðasta skólaár einkenndist af innleiðingu *Leikur að læra* efninu og nú í haust varð Vesturberg hluti af *Leikur að læra* liðinu og tileinkar sér aðferðafræði *LAL*. Innleiðing vetrarins er *Uppeldi til ábyrgðar –færni til framtíðar* en að frumkvæði Reykjanesbæjar var ákveðið að innleiða það efni og bjóða foreldrum að taka þátt í námskeiði með efninu. Aðrir þættir halda sér eftir endurmat síðastliðið vor með örlitlum breytingum. Góðir tímar framundan og góður andi.

Leikskólastarfið

Skólaárið 2016-2017

Við í Vesturbergi höldum áfram að vinna með þau leiðarljós sem við höfum tileinkað okkur bæði með okkar stefnu og áhersluþætti og að sjálfsögðu eftir Aðalnámskrá og framtíðarsýn sveitarfélagsins okkar. Námskrá Vesturbergs var gefin út á vormánuðum sem hefur verið í vinnslu undanfarin ár með Aðalnámskrá leikskóla sem grunnforsendu.

Áfram verður unnið með Lubba sem finnur málbeinið en hann fer inn á heimastofur einu sinni í viku og kynnir staf vikunnar. Bína bálreiða kemur einnig í heimsókn einu sinni í viku á heimastofur og æfir góð boðskipti.

Líkt og undanfarin ár eru teymishópar sem eru Málfríður og Stórfríður sem sjá um læsi og stærðfræði, safna gögnum og benda á efni sem við hæfi er. Einn til tveir bókstafir eru lagðir inn á viku en sú aðferð hefur gefið góða raun og er aðferð Helgu Sigurjónsdóttur við innlögn notuð. Öll börn leikskólans fá kynningu á staf vikunnar, hvað hann heitir og hvernig hann hljóðar. Ítarlegri innlögn er lögð fyrir Pennahóp og unnið dýpra með stafinn út vikuna.

Iða er á dagskrá tvisvar í viku og kemur undan Hringekju grunnskóla og úr Hjalltúni þar sem við í Vesturbergi kynntumst aðferðinni. Kennarar leggja áherslu á að dýpka sig, með efnið sem í boði er á svæðunum. *Leikur að læra* kennsluefnið er tilvalið til að nýta í Iðu. Til dæmis er unnið með ákveðna bókstafi eða tölustafi í Iðu og ákveðin efni kynnt í Vísindum sem dæmi. Þeir þættir sem við leggjum áherslu á í Iðu eru:

- Stærðfræði
- Læsi
- Vísindi
- Vettvangsferðir
- Sköpun
- Hreyfing

Hljómsveit er verkefni í Vesturbergi og þar leggjum við áherslu á að efla hljóðkerfisvitund næst elstu barna leikskólans eða árgang 2012. Tvítýngd börn eru eflað með ýmsum aðferðum og er lögð áhersla á að auka orðaforða.

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáðferð þar sem börn á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt. Árgöngum er skipt í verkefninu og vinna samkvæmt aldri. Allir nemendur Vesturbergs taka þátt í LAL og er efnið fléttað inn í starfið. Einnig er foreldraverkefni tvisvar í viku þar sem nemendur gera verkefni er þeir koma í leikskólann með foreldrum sínum. Nýliðanámskeið er fyrir nýtt starfsfólk leikskólans í þeim tilgangi að allir séu með á nótunum í verkefnunum. Ráðstefna er fyrirhuguð í nóvember þar sem allir starfsmenn mæta og bæta við sig þekkingu í LAL.

Vesturberg varð hluti af *Leikur að læra liðinu* í ágúst 2016.

Framtíðarsýn Vesturbergs

Í takt við framtíðarsýn Reykjanesbæjar eru aðal áherslurættir Vesturbergs læsi og stærðfræði.

Aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur eru hafðar að leiðarljósi við innlögn bókstafa. Þegar stafur er lagður inn eru það börn í Pennahóp sem fyrst fá kynningu á bókstafnum á mánudegi. Bókstafurinn er hljóðaður og skrifaður, vettvangsferðir er farnar í leit af staf vikunnar og unnið með hann á skapandi hátt á ýmsa vegu. Heimastofur leikskólans fá svo Lubba í heimsókn þar sem hann kynnir staf vikunnar en auk þess eru endurnýjuð kynni af þeim bókstöfum sem lagðir hafa verið inn. Læsisþátturinn verður sífellt stærri og er í raun orðinn hluti af menningu leikskólans.

Stærðfræðin er einnig hluti af menningu leikskólans, en áhersla hefur verið á sýnileg tölutákn einnig eru einingakubbar aðgengilegir og góðir til undirstöðu í stærðfræði.

Með verkefnunum Iðu og Hljómsveit er enn dýpra farið í þá þætti er koma að Aðalnámskrá og framtíðarsýn Reykjanesbæjar.

Bína bálreiða er einnig efni sem innleitt hefur verið innan veggja leikskólans og kemur Bína í heimsókn vikulega á heimastofur þar sem hún kennir boðskipti. Bína bálreiða er einstakt efni sem gaman er að vinna með fyrir nemendur og kennara skólans, sérstök áhersla er á Bínu á haustmánuðum þegar nýir nemendur hefja nám sitt í Vesturbergi.

Elstu barna verkefni/ Pennahópur

Í Vesturbergi hefst undirbúningur fyrir grunnskólann strax eftir að sumarleyfi lýkur. Skólaárið 2016-2017 eru 23 börn í Pennahóp og er skipt í þrjá hópa, kennarar eru 3 og vinna með sama hópinn

allan veturinn. Pennahópur starfar 4 daga vikunnar frá kl. 9.30 til kl. 13.00. Áhersla er á læsi og stærðfræði en ýmiskonar verkefni eru framkvæmd og fara ævintýrin fram bæði utan og innan leikskólans. Eftirfarandi eru meðal annars áherslur í Pennahóp:

Að börnin viti nafn sitt, heimilisfang, símanúmer og afmælisdag.

Að börnin öðlist ákveðinn grunn í stærðfræðinámi; hugtök, tölur og talnagildi, form og liti, þörun og flokkun, mynstur, vigtun og mæling.

Að börnin öðlist aukinn orðaforða og málskilningur aukist, geri æfingar með vinstri og hægri, æfi rím, æfi runur, þulur, orð, setningar, samstöfur og hlustunar- og athyglisleiki.

Að börnin geti unnið sjálfstætt en einnig í hóp.

Að börnin taki á móti fyrirmælum og fari eftir þeim.

Að börnin læri að bíða eftir aðstoð og að taka tillit til hvers annars.

Líkt og undanfarin ár er Pennahópur í ákveðnum verkefnum í vetur og fara hóparnir til skiptis í vettvangsferðir, stafainnlögn og stærðfræði/sköpun og heimsókn í bókasafn Reykjanesbæjar.

Samstarf við heimaskóla

Heimaskóli Vesturbergs er Myllubakkaskóli. Elstu nemendur Vesturbergs heimsækja grunnskólann nokkrum sinnum yfir veturinn og fá að fylgjast með kennslustund, fara í íþróttatíma, skoða skólabygginguna og fleira. Samstarf kennara á skólastigunum tveimur er gott og eru reglulegir samstarfsfundir leik- og grunnskólakennara.

Iða

Iða er ákveðið kerfi þar sem ákveðin dýpkun verður á efnispáttum. Áhersla er lögð á læsi, stærðfræði, sköpun, vísindi, vettvangsferðir og hreyfingu. Kennarar eru á ákveðnum svæðum og dýpka sig í efnispáttum. Börnin fara um húsið og finna sér verkefni eftir áhuga. Iða hefur reynst mjög vel og er komin til að vera í Vesturbergi en Iða kom í stað hópasamveru og fellur mun betur að hugmyndafræði Vesturbergs. Kennsluefni LAL er fléttað inn í Iðu og passar vel.

Hljómsveit

Í Hljómsveitinni æfum við næstelsta árgang leikskólans í ýmsum þáttum, mikil áhersla er lögð á lestur. Hljóðkerfisvitund er eflid og orðaforði aukinn. Markmiðið með Hljómsveitinni er að undirbúa

börnin betur undir komandi tíma. Tvítyngd börn eru efld með ýmsum aðferðum en áhersla er lögð á að auka orðaforða og hittast þau í Hljómsveit 2, einu sinni til tvisvar í viku.

Menning og hefðir

Í Vesturbergi eru fagnaðarfundir einu sinni í mánuði og er það fjölbreytt sem verður boðið upp á. Þeir dagar sem meðal annarra eru haldnir hátíðlegir eru Dagur íslenskrar tungu, jólahátíð, þorrablót, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Ömmum og öfum er boðið í heimsókn á vormánuðum og mömmum og þöbbum er boðið í bollukaffi í leikskólann. Á vormánuðum verður Listahátíð barna haldin með öllum leikskólum Reykjanesbæjar. Heimsókn í Vatnaskóg er orðin hefð í hóp elstu barnanna, þá er farin eins dags útskriftarferð þar sem ævintýri eru upplifuð í Vatnaskógi. Sumarhátíð er haldin með pompi og prakt í samstarfi við Foreldrafélag Vesturbergs en árið 2017 er áætlað að leggja heldur meira í sumarhátíð Vesturbergs því leikskólinn er 20 ára.

Mat á starfinu, markmið og áherslur

Þar sem nemendur fara frjálst um húsið er nauðsynlegt að fylgjast með ferðum þeirra og tryggja að hver nemandi fari á öll svæði og njóti þess sem í boði er. Tvisvar yfir veturinn eru foreldraviðtöl og er farið yfir hvaða svæði nemandur velja. Það er kennaranna að tryggja að allir nemendur fari á öll svæði og tryggi að börnin fái þá námsþætti sem eru í boði samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Ýmsar athuganir eru gerðar á börnunum, á haustin eru atferlisathuganir lagðar fyrir börnin sem farið er yfir á foreldrafundum. Hreyfibraskapróf er lagt fyrir á vorin fyrir næstelsta árganginn. Mál og hljóðkerfisvitund er athuguð með HLJÓM-2 prófi, hjá elstu börnum leikskólans, í september og aftur í janúar ef þörf er á. Undanfarin ár hefur EFI-2, verið lögð fyrir sem er málþroskaskimun fyrir þriggja ára börn og er skimun á máltjáningu og málskilningi.

Foreldrasamstarf og kynning á leikskólanum

Í Vesturbergi eru foreldrar ætíð velkomnir. Nú eftir sumarfrí var nýjum foreldrum kynnt starfsáætlun Vesturbergs og til stendur að boða foreldra barna í Pennahóp á kynningarfund upp úr miðjum september. Deildarstjórar senda fréttir í formi tölvupósts, með hjálp mentor.is eða Karellen sem er nýtt kerfi sem verið er að innleiða þessi misserin. Á haustmánuðum er verið að skoða í hvaða formi upplýsingar fara á heimilin. Heimasíða Vesturbergs er einnig mikilvægur vettvangur upplýsinga. Foreldrafélag er starfandi í Vesturbergi. Samkvæmt lögum er foreldraráð starfandi og eru þrír foreldrar þar innanborðs og tekur nýtt ráð við nú á haustmánuðum 2016.

Börn og starfsfólk

Fjöldi barna í Vesturbergi telja 93 og er hlutfall starfsmanna 22,88 stöðugildi í Vesturbergi þetta haustið og eru 24 starfsmenn. Hlutfall fagfólks er 33,3% eða 8 kennarar og einn nemi í leikskólakennarafræðum er við störf. Sex börn njóta sérkennslu og börn af erlendum uppruna eru 16 það er báðir foreldrar af erlendum uppruna. Kynjahlutfall er um það bil jafnt.

Skipulagsdagar

Í ár eru skipulagsdagar 6,2 og bætist við einn dagur vegna innleiðingar *Uppeldi sem virkar –færni til framtíðar*. Dögunum er skipt eftirfarandi:

26. ágúst –skipulagsdagur

23. september -1/2 skipulagsdagur –opnað kl. 12.00

21. október –skipulagsdagur

11. nóvember –skertur dagur –opnað kl. 10.00

13. janúar –skipulagsdagur

10. febrúar –skipulagsdagur

17. mars –skipulagsdagur

27. apríl –skertur dagur –opnað kl. 10.00

26. maí –skipulagsdagur

Að lokum

Allt fer ljómandi vel af stað fyrir skólaárið 2016-2017. Þegar þetta er skrifað hafa nánast öll börn lokið aðlögun og gengið ágætlega. Ráðningar kennara hafa gengið vel og eru 3 nýir kennarar í starfsmannahópnum. Hópurinn lítur vel út og ríkir spenna fyrir komandi vetri þar sem nýir þættir eins og *Uppeldi sem virkar –færni til framtíðar* og að vera hluti af *Leikur að læra liðinu* eru áhugaverðir.

Í september 2016

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri Vesturbergs.

Fyrir okkar leyti, í foreldraráði Vesturbergs, samþykkjum við starfsáætlun 2016-2017.

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir _____

Erla Þorsteinsdóttir _____

Halldóra Stefánsdóttir _____